



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um ofbeldi meðal barna þar sem notuð eru eiturefni

Á fundi borgarráðs, 19. október 2023, lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ljósi fréttu um ofbeldi meðal barna þar sem notuð eru eiturefni óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um viðbrögð skóla- og frístundasviðs og barnaverndar Reykjavíkur. Nú eiga flest stálpuð börn síma og hafa aðgang að Internetinu. Á netinu er að finna mikinn fróðleik en einnig skaðlegt efni þ.m.t. myndefni. Þar er ekki aðeins að finna gróft klámefni heldur einnig upplýsingar um hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi. Hægt er sem dæmi að finna leiðbeiningar um hvernig búa á til sprengjur og fleiri skaðleg drápstól.

Greinargerð fylgdi fyrirspurninni.

Svar:

Brugðist var við málinu sem vísað er til í samræmi við það verklag sem viðhaft er þegar alvarlegir atburðir eiga sér stað í skóla- og frístundastarfi í borginni. Þetta mál, líkt og önnur ofbeldismál, kallar á víðtækt samstarf fagfólks á miðstöð viðkomandi borgarhluta samkvæmt vinnulagi Betri borgar fyrir börn (BBB). Ef ástæða þykir til eru aðrar stofnanir kallaðar að borðinu, s.s. Barnavernd Reykjavíkur, til samræmis við fyrrnefnt vinnulag og farsældarlög mennta- og barnamálaráðuneytisins.

Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur er mjög meðvitað um þá stóru áskorun sem við stöndum frammi fyrir varðandi ofbeldi meðal barna. Mikið samtal hefur átt sér stað við lögreglu, velferðarsvið, forvarnafulltrúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt samtali við samtök foreldra, Heimili og skóla. Til að mynda hafa Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og velferðarsvið Reykjavíkurborgar tekið þátt í vettvangsstarfi Flotans (flakkandi félagsmiðstöð) á föstudagskvöldum í haust til að bregðast við auknu ofbeldi og óæskilegri hópamyndun. Einnig má hér nefna viðbrögð eins og:

- Kortlagning félagsmiðstöðva og miðstöðva borgarhlutanna á unglingshópum
- Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu (0-17 ára) á starfssvæði Suðurmíðstöðvar Reykjavíkurborgar
- Sértækt hópastarf sem viðbragð við ofbeldis- og áhættuhegðun (víða um borgina)
- Innleiðing farsældarlaganna og Betri borg fyrir börn, þéttara samstarf og skýrara verklag innan og á milli borgarhluta (á miðstöðvum borgarinnar)
- Forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar, sem verið er að vinna út frá Lýðheilsustefnu borgarinnar, þar sem einn af áherslupáttunum er „Höfnum ofbeldi“
 - T.d. verið að leggja til samfélagsmiðlateymi sem hefði það hlutverk að vakta umræðu á netinu og bregðast við henni með fræðslu og öðrum viðeigandi hætti.



- Samráð sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um forvarnarmál
- Verkefni verkefnastjóra ofbeldisvarna hjá Embætti landlæknis
- Samstarf við verslunarkjarna þar sem unglingshópar hafa verið að safnast saman að undanfögnu, þar sem Flotinn og annað vettvangsstarf er kynnt, umræður um öryggismál og gagnkvæm upplýsingagjöf um óæskilega hópasöfnun og aðra áhættuþegðun.

Meðal áherslupátta í menntastefnu borgarinnar eru félagsfærni, samfélagsleg ábyrgð og virkni. Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er því lagt kapp á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu.